



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Laufásborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	9
3 Innra mat	16
4 Innra mat sérkennslu.....	17
5 Innra mat – fjöltyngd börn	18
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
8 Foreldrasamvinna.....	20
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
10 Fylgiskjöl	21



1. Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þessu einstaka skólaári, þar sem sannarlega gaf á bátinn, erum við að ljúka keik og þakklát. Þakklát fyrir okkur sem stöndum að skólanum og þakklát fyrir það kærleiksríka fólk sem kom um borð og lagðist á árararnar. Einnig erum við afar þakklát fyrir traustið sem við finnum frá okkar kæru fjölskyldum, þær eru baklandið okkar. Þær fjölskyldur sem standa að baki skólanum hafa stutt okkur og treyst okkur sem skiptir sköpum alla daga en sérstaklega þegar eitthvað má betur fara hjá okkur og þegar á reynir eins og á þessu skólaári. **Það er mikil vinna á bak við góðan skóla**, vinna sem er sannarlega þess virði að leggja á sig því hún gefur margfalt til baka. Lykilatriðið er kærleikur og samvinna og við tökum það mjög alvarlega þegar við segjum að **GLEÐI ER FAGMENNSKA** því við vitum af fenginni reynslu að svo er (sjá fylgiskjal 10.1, „Gleði er fagmennska“). Starfið er krefjandi álagsvinna í sjálfu sér og að mæta börnum og barnafjölskyldum alla daga krefst seiglu og útsjónarsemi. Okkur líður þó alltaf í hjartanu þannig að Laufásborg sé meira en “bara leikskóli” því hér er mannrækt og uppbygging á hverjum degi og hlúð að stóru fólki sem smáu.

Við sigldum bjartsýn inn í þetta skólaár eftir tvö krefjandi ár í heimsfaraldri en við vorum mjög stolt af okkar framlagi þar. Við sáum fyrir okkur að nú værum við að fara að sigla lygnan sjó en skólaárið gaf okkur annað. Það gaf okkur **mörg tækifæri til að takast á við óvæntar aðstæður** og leysa málin með farsæld skólans að leiðarljósi og börnin í forgrunni. Fjölskyldukönnunin var mjög gagnleg fyrir okkur til að vinna með og öll fallettu hrósin gáfu okkur mikið og hvöttu okkur áfram. Við erum þakklát fyrir börnin sem gefa okkur núvitund hverja stund, alltaf einlæg og skerpa á okkur sem manneskjur (sjá fylgiskjal 10.2, „Niðurstöður úr fjölskyldukönnun“).

Þekking og reynsla í húsinu er mjög mikil og reynsluboltar á hverjum kjarna. Til gamans tókum við saman starfsaldur hvers og eins okkar sem störfum á Laufásborg og samanlagður árafjöldi í húsi eru 217 ár!! Spönnin er allt frá hálfu ári upp í rúm 17 ár og **meðalaldur starfsfólks hér á Laufásborg átta ár**. Á þessu skólaári komu inn 19 atriði sem snéru að breytingum á kennarahópnum, atriði eins og kennari hætti, fór í veikindaleyfi, þurfti svigrúm vegna álags í einkalífi og nýir kennarar komu inn. Að mæta þessum aðstæðum **lausnamiðað**,

af öryggi og með skýra sýn og hagsmuni skólans í forgrunni þarf sterkan hóp og styrka stjórn. Til okkar hefur streymt nýtt fólk, valin kona og valinn maður í hverju rúmi. Fólk með góða reynslu og góð meðmæli frá fólki sem við þekkjum og treystum. Það er gaman að segja frá skemmtilegri nýráðningu en í haust byrjar góð kona hjá okkur en hún er amma á Laufásborg og heillaðist af starfinu í gegnum barnabörnin sín. Einnig er gaman að segja frá því að á þessum sautján skólaárum sem við höfum leitt skólann höfum við í raun aldrei þurft að auglýsa eftir starfsfólki og oft verið “biðlisti” þar sem við höfum vitað af fólki sem langar að vinna með okkur. Að okkar mati eru þetta gæði og birtingarmynd á árangri. Við siglum, erum stolt og það er okkar mat að okkur sé að takast að gera góðan skóla fyrir börn á degi hverjum. Á sama tíma og **farsældarlögin** eru sett á, til að stuðla að þverfaglegu samstarfi og aukinni þjónustu fagstétta á milli, og grunnmönnum er mjög erfið og flókin í leikskólum almennt þá bættum við í. Við fengum til liðs við okkur **barnasálfræðing og talmeinafræðing** til að vinna með okkur í þverfaglegri teymisvinnu, sem er einmitt það sem farsældarlögin hverfast um.

Okkar reynsla frá upphafi, í ársbyrjun 2006, hefur verið sú að *góður skóli er reistur á hverjum degi og að skóli er fólkið sem er þar*. Við finnum það betur og betur að sé sýnin skýr og allar ákvarðanir látnar hverfast um börnin þá smám saman gerum við góðan skóla enn betri. **Skóli er lifandi efniviður** og eini fastinn eru breytingar. Hvernig við mætum breytingum er því algert lykilatriði. Skólinn stendur og fellur með okkur sem erum þar hverju sinni og með því að hafa kærleika og þakklæti að leiðarljósi náum við að skapa og fylla dagana af fallegu og uppbyggilegu barnastarfi. Í janúar kom Kristín Sigurðardóttir bráða- og slysalæknir með framhaldsnámskeið til okkar kennaranna um áhrif streitu og áfalla á líf okkar. Það eru mikil meðmæli að við birtumst henni sem **kærleiksdrifinn vinnustaður**. Mikil ánægja starfsfólks og foreldra á Laufásborg, eins og kannanir í lok vorannar sýndu (sjá fylgiskjal 10.2 og 10.3, „Niðurstöður úr fjölskyldukönnun“ og „Niðurstöður úr starfsfólkskönnun“), og biðlisti barna á Laufásborg, sem hefur aldrei verið lengri - telur 550 börn - sýna okkur án nokkurs vafa að skólinn er á réttri leið. Alltaf má þó gera betur og við leitumst við á hverjum degi að rýna til gagns og setja okkur **háleit markmið**. Þetta snýst allt um traust og í lok þessa skólaárs finnum við fyrir djúpu þakklæti til okkar fjölskyldna sem koma til okkar með allt, stórt og smátt, sem brennur á þeim varðandi börnin og skólann okkar. Þetta traust og þessi samvinna gefur okkur tækifæri til að koma til móts við börn og þeirra fjölskyldur af heilindum og kærleika.



Á síðasta skólaári stóðu tveir atburðir upp úr, Kvæðabarnafjelag Laufásborgar var stofnað þann 9. mars í lðnó (sjá fylgiskjal 10.4, „Börnin á Laufásborg geta það sem fæstir fullorðnir hafa tök á“) og skólinn fagnaði 70 ára afmælinu sínu með pomp og prakt 12. júní síðastliðinn. Einnig var stofnað Skákkfélag Laufásborgar en skák hefur verið kennd á Laufásborg um árabíl.

Við erum afar stolt af **Kvæðabarnafjelagi Laufásborgar** en sterk hefð hefur fyrir íslenskum rímnakveðskap á Laufásborg á þorranum og á góunni frá árinu 2008 með Steindóri Andersen í fararbroddi. Steindór Andersen hefur um langt skeið kennt hópstýrum og hópstjórum á Laufásborg að kenna börnum að flytja gömlu kvæðin eftir fornum hljómunum. Með þessum hætti erum við að gera okkar íslenska menningararfi hátt undir höfði, tengja við ræturnar, sögu Íslands og leggja rækt við þennan einstaka sögulega menningararf með börnunum. Það er okkar reynsla að börnin eru ákaflega móttækileg fyrir þessu söngformi. Þessum gamla kveðskap fylgja sérstök orð og orðasambönd sem við útskýrum fyrir þeim og er málörvunin því mikil samhliða söngnum.

Árið 2022 varð **Laufásborg 70 ára** en vegna framkvæmda á húsinu var ákveðið að fresta afmælinu fram að vori 2023. Afmælinu var fagnað á fögrum sumardeg. Fjölskyldur, með börnin sín, sameinuðust okkur í skrúðgöngu um Þingholtin. Gengið var frá Hljómskálagarðinum í lögreglufylgd með lúðrasveit og fánum. Hvert og eitt barn hafði búið til sinn eigin fána og fyrir göngunni fóru leikskólastýra og skákkennari á Laufásborg með stóran Laufásborgarfána sem elstu börnin á Laufásborg höfðu skreytt. Í garðinum voru söngatriði og samsöngur sem börnin af eldri stúlkna- og drengjakjarna leiddu. Söngkonan GDRN gladdi okkur og söng frumsamið lag eftir fyrrum nemanda á Laufásborg. Einnig kom hljómsveitin ESPOLIN og söng nokkur lög. Hljómsveitin samanstendur af ungum stúlkum og drengjum á aldrinum ellefu til tólf ára en tvær stúlkur í hljómsveitinni eru fyrrum nemendur Laufásborgar. Í boði var Polaroid myndataka fyrir fjölskyldur, sápukúlur flugu um í garðinum, pylsuvagninn opinn, drykkir að eigin vali og ís í boði fyrir alla. Allur garðurinn var skreyttur listaverkum eftir börn skólans. Sannarlega hamingjudagur í Hamingjuhöllinni okkar.

Það er sterk skákhefð á Laufásborg. Í ár var **Skákkfélag Laufásborgar** stofnað með eigin kennitölu, eins og önnur íþróttafélög. Skákkennsla var innleidd á Laufásborg árið 2008 og hefur

öllum aldurstigum skólans alltaf verið kennd skák síðan þá. Árið 2015 fengum við hvatningarverðlaun frá Reykjavíkurborg fyrir skákkennsluna á Laufásborg. Árið 2017 fór skáklið fyrir hönd Laufásborgar á Íslandsmót Barnaskólasveita en það mót er fyrir börn í fyrsta til þriðja bekk. Þar með var blað brotið í íslenskri skáksögu, en þetta var í fyrsta sinn sem börn á leikskólaaldri kepptu í skák á Íslandi. Börnin stóðu sig vel og í kjölfarið var skólanum boðið á HM. **Árið 2018 braut Laufásborg enn og aftur blað í sögu skákheimsins þegar fjórir nemendur fóru á HM fyrir hönd skólans.** Árið eftir fóru sjö nemendur skólans á EM og tveir fyrrum nemendur skólans. Þegar heimsfaraldurinn skall á féllu þessi mót niður tvö ár í röð. Árið 2022 hnepptu skákbörn frá leikskólanum Laufásborg þriðja sætið á Íslandsmóti Barnaskólasveita í skák fyrir fyrsta til þriðja bekk. Þetta var í fyrsta sinn sem leikskólasveit vann til verðlauna á mótinu en alls kepptu 17 sveitir. Sama ár fóru fimm börn af Laufásborg og einn fyrrum nemandi Laufásborgar á EM. Í ár fór hópur nemenda af Laufásborg til Grikklands á HM í skólaskák dagana 12. til 23. A príl. Þetta voru níu börn á leikskólaaldri og með í för voru foreldrar barnanna, skákkennarar skólans og leikskólastýra Laufásborgar. Einnig fóru fjórir fyrrum nemendur Laufásborgar með á mótið, en þau hafa áður teflt á HM og EM fyrir hönd Laufásborgar, en eins og fram hefur komið hefur skapast hefð fyrir því að fyrrum nemendur fari með í þessari keppnisferðir. Þetta var fjórða árið sem nemendur frá Laufásborg fóru erlendis á HM eða EM. Þeir nemendur sem keppa fyrir hönd skólans eru alltaf hluti útskriftarárgangi skólans, það er elstu börnum skólans.

Foreldrasamstarf er afar þétt í kringum þessar skákferðir. Tíðar æfingar og öflug fjáröflun á sér stað til að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir ferðunum. Í ár stóð foreldrafélag skákarnanna, „Hrókur alls fagnaðar“, fyrir taflmóti á Eiðistorgi og í kjölfar mótsins var uppboð á listaverkum þar sem allur ágóði rann í ferðasjóð barnanna (sjá fylgiskjal 10.5., „Skemmtilegt að tapa – enn skemmtilegra að vinna“).

Á starfsfólksfundum, orkukvöldum, fengum við til okkar trommukennara, Cheick Ahmed Tidiane, til að kenna okkur á trommur. Í framhaldi af því kvöldi og í gegnum Cheick pöntuðum við tíu djembeitrommur frá Gíneu. Í vor fengum við tíu djembeitrommur merktar Laufásborg. Það er óhætt að segja að trommurnar hafi vakið stormandi lukku í skólanum og lyft starfinu í hópatímum, samverum og á söngfundum. Í skólanum eru starfandi tónsmíðakennari og tónlistarkennari sem hefur farið á námskeið í trommuslætti. Á útskriftarhátíð elstu barnanna

söng útskriftarárgangurinn fyrir fjölskyldur sínar og svo skiptust börnin á að spila á trommurnar. Cheick er sjálfstætt starfandi og mun vera með djembeí trommunámskeið fyrir okkur kennarana á Laufásborg á næsta skólaári.

Á líðandi skólaári fóru fram miklar **framkvæmdir á húsinu**. Einum kjarna, með 35 stúlkum, var lokað vegna framkvæmdanna. Kjarninn þurfti því að flytja allt sitt barnastarf yfir í stoðþjónusturými skólans sem er á neðstu hæðinni. Kjarninn var út af kjarna á neðstu hæðinni í sex mánuði. Starfið gekk áfram snurðulaust fyrir sig en samhent átak kjarnans og jákvæðni gerði þar algerlega gæfumuninn og skipti sköpum.

Næstkomandi skólaár er nú þegar vel skipulagt. Börnum hefur verið skipt í hópa og hver hópur er kominn með sína hópstýru/hópstjóra. Nokkuð er um börn sem þurfa stuðning á næsta skólaári og hefur það, eins og allt hópastarfið, verið kvennað og mannað gæðafólki með skýra hjallíska sýn að leiðarljósi. Meginregla eitt er ávallt í hávegum höfð, það er að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni. Við mætum endurnærð aftur til starfa eftir sumarlokun skólans þann 15. ágúst og hefjum skólaárið á námskeiðsdegi. Á námskeiðsdeginum mun engin önnur en Edda Björgvinsdóttir heiðra okkur með nærveru sinni og leiða okkur í gegnum námskeiðið sitt „Húmor og gleði í samskiptum, dauðans alvara“. Námskeiðið er í boði í endurmenntun í HÍ.

Á næsta skólaári verður þátttaka okkar á Barnamenningarhátíðinni í samstarfi við Safnahúsið. Markmiðið er að halda stóra sýningu með Safnahúsinu. Í nóvember förum við á skyndihjálparnámskeið. Síðastliðið skólaár hafði Sinfoníuhljómsveit Íslands samband og óskaði eftir að við yrðum vinaskóli þeirra. Okkur var boðið á sérstaka sýningu fyrir 1. og 2. bekk í Hörpu. Við erum afar spennt og þakklát og hlökkum til að verða boðið á æfingar hjá Sinfoníuhljómsveitinni og sýningar á þeirra vegum.

Við höfum háleitt markmið fyrir næsta skólaár, það er að allar fjölskyldur upplifi sig vel upplýsta. Við ætlum að ná því að hver einasta fjölskylda skólans upplifi sig vel upplýsta.

Við erum mjög ánægð með á hvaða siglingu við erum og höldum ótrauð áfram á sömu braut. Við erum stolt af áhaldinu, Hjallastefnunni, þar eru tækifærin okkar og gullið í deginum er hópastarfið.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Hópastarf	Hópablöð, allt starf í hópatímum er skráð á þar til gerð eyðublöð. Það eru tveir hópatímar á dag.	Hópstýrur og hópstjórar. Hópablöðin hanga uppi í fataklefa hvers kjarna, fjölskyldur barna geta lesið á hverjum degi.	Við erum á réttri leið, fylgjum lotunum en hvert skólaár er skipt í sex lotur samkvæmt Hjallastefnunni
Valtímar	Val hvers barns skráð. Það eru þrjú valfundir á dag, allt val skráð.	Starfsfólk hvers kjarna.	Við erum á réttri leið, samantektin á valinu er send til fjölskyldna jafnt og þétt yfir skólaárið.
Allt starf skólans er skráð, bæði hópa- og valtímar en dagskráin byggir á hópa- og valtíma allt skólaárið	SAMA og greint er frá að ofanverðu	SAMA og greint er frá að ofanverðu	SAMA og greint er frá að ofanverðu



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starf skólans	Foreldrakönnun	Fjölskyldur á Laufásborg	Sjá fylgigögn 10.2 og 10.3, niðurstöður úr fjölskyldu- og starfsfólkskönnun
Við að meta okkur og skólann	Starfsfólkskönnun	Starfsfólk Laufásborgar	Sjá fylgigögn 10.2 og 10.3, fjölskyldu- og starfsfólkskönnun



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið /aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Skerpa á áhaldinu, það er skerpa hjállískar áherslur í starfi	Vegna nýliða- myndunar á Laufás- borg viljum við stilla betur saman okkar hjállísku strengi. Við viljum vinna öll sem eitt að sama marki.	Ramminn og rúttinan styður við okkur á hverjum degi. Skjalið okkar, „Gleði er fag- mennska“ (sjá fylgiskjal eitt) er okkar leiðarljós og slær grunn- tóninn. Við trúum því að æfingin skapi meistar- ann. Á Laufás- borg er góður hópur fólks sem hefur unnið hér til fjölda ára og getur stutt við nýliða í starfi. Einnig fræðslu og inn- blásturs og þá sérstak-	Leik- skóla- stýra og við öll, hver hópstýra og hver hópstjóri.	15.8. 2023	Júlí 2024	Starfsfólks- könnun í lok vorannar, þar sem spurt er út í faglega þáttinn. Samtal um fagstarfið milli starfsfólks og við leikskóla- stýru. Við styðjum við hvert annað og þau okkar sem erum reynslu- meiri aðstoðum og leiðbeinum nýliðum.	Viðmið um árangur felst helst í að kjarna- starfið. Sundur- greiningin verður að vera skýr og sam- starf milli kjarna sé skv. hjállískum áherslum og gangi smurt, það er að það sé flæði og við séum samstillt bæði í verki og orðum. Að niðurstöður starfsfólks- könnunar- innar endurspegli markmið okkar.



		lega á Workplace í gegnum dagleg skilaboð frá leikskólastýru. Haustráðstefna Hjallastefnunnar 13. október.					
Fræða og styrkja nýliða í starfi	Efla nýliða í hjallískum starfsháttum.	Allt nýtt starfsfólk á Laufásborg fær handleiðslu hjá leikskólastýru og reyndari hópstýru eða hópstjóra. Skjalið okkar, „Gleði er fagmennska“ (sjá fylgiskjal eitt) haft til hliðsjónar	Leikskólastýra og reynslumeira starfsfólk á hverjum kjarna.	15.8. '23	Júlí '24	Eftirfylgd og árangur metinn í formi samtals og út frá æfingunni í aðstæðum. Niðurstöður starfsfólkskönnunarinnar skoðaðar út frá fyrrgreindum markmiðum.	Notkun hjallískra orða, að það sé hjallísk röð, regla og rúttína og sundurgreiningin virt. Að nýtt starfsfólk sé öruggt í starfi og geti beitt áhaldinu af mýkt og lagni. Einnig að nýtt fólk leiti sér aðstoðar hjá reyndara starfsfólki ef þörf er á.
Upplýsingaflæði	Við viljum ná því háleita markmiði að fjölskyldur á Laufásborg upplifi sig vel upplýstar.	Hver og ein hópstýra og hver og einn hópstjóri kemur sér í samband við foreldra hvers og eins barns í sínum hópi.	Leikskólastýra og hver og ein hópstýra og hver og einn hópstjóri	15.8. '23	Júlí '24	Foreldrakönnunin og samtal við foreldra, sérstaklega í foreldraviðtölunum í nóvember og febrúar	Að fjölskyldur upplifi sig vel upplýsta um gang mála á Laufásborg



		Foreldrar hafa símanúmer og netfang hópstýra/ hópstjóra og það er alltaf í boði að hafa samband. Við sendum fáa en kjarnyrta pósta.					
Uppeldis- og menntastarf							
Ný þakklætis- og hróskort	Við vinnum með jákvæðar stað- hæfingar til að efla vellíðan barnanna, kenna þeim þakklæti og jákvæðni gagnvart lífinu. Okkar reynsla og rannsóknir sýna að það að fara með jákvæðar stað- hæfingar bætir lífsgæði og vellíðan.	Við erum að ljúka við að útbúa þakklætis- og hróskort. Sú vinna er hluti af okkar þróunar- starfi, hafa verið með okkur til fjölda- margra ára. Kortin eru notuð svo til á hverjum degi í hópátíma af öllum hópum í skólanum.	Hver og ein/n hóp- stýra og hópstjóri	15.8 '23	Júlí '23	Hópablöðin Allir hópátímar eru skráðir á þar til gerð hópablöð sem hanga í fataklefa hvers kjarna fyrir fjölskyldur og annað starfsfólk til að lesa. Hópablöðin veita aðhald, þeim er safnað saman í lok vikunnar og unnið úr þeim. Hópstýrur og hópstjórar skrá hvenær og hvernig hrós- og þakklætis-	Þegar við heyrum börn á Laufásborg frá unga aldri nota jákvæðar stað- hæfingar gagnvart lífinu, sjálfu sér og vinkonum sínum og vinum. Einnig þegar fjölskyldur deila því með okkur að okkar uppbyggi- lega orðfæri er að berast heim, orðaforði barnanna er að auðgast sem og jákvæð nálgun þeirra á lífið og tilveruna.



						kortin eru notuð.	
Upplýsingaflæði til fjölskyldna YSK og YDK	Við sem störfum á yngri kjörnum viljum skerpa á ákveðnum atriðum, ná ákveðnum samhljóm meðal okkar fjölskyldna	Taka saman þau atriði sem við viljum að fjölskyldur barna á yngri kjörnum hafi alveg á hreinu eins og hvernig best er að börn kveðji á morgnana, hvenær þau eru tilbúin að koma aftur eftir veikindi, hvaða aukaföt er gott að hafa í aukafata-kassanum. Útbúa skjal með upplýsingum um þau grunnatriði i sem gott er að fjölskyldur barna á yngri kjörnum hafi á hreinu og dreifa skjalinu í hól barnanna	Leikskóla - stýra og starfsfólk yngri kjarnanna	15.8. 2023	28.8. 2023	Að skjalinu hafi verið dreift í öll hól barnanna, að skjalið hangi inn í fataklefa og við höfum náð til allra fjölskyldna	Að fjölskyldur upplifi að þær hafi á hreinu þau grunnatriði sem fylgja lífinu á yngri kjörnum



Mannauður / Leikskóla- bragur							
Að velja gleði í starfi	Að starfsfólk finni til gleði í starfi og finni á eigin skinni að gleði gefi lífsfyllingu. Þessi einlæga gleði smitast hratt yfir í barna- starfið og léttir andann á Laufás- borg svo um munar.	Edda Björgvins kemur til okkar með fræðslu sem hún byggir á námskeiðinu sínu „Húmor og gleði í sam- skiptum, dauðans alvara“. Það námskeið er kennt í Endur- menntun HÍ. Fræðsla og innblástur, sérstak- lega á Work- place í gegnum dagleg skilaboð frá leikskóla- stýru.	Leikskóla - stýra, hóp- stýrur og hóp- stjórar skólans og Edda Björgvins -dóttir.	15.8. 2023	Júlí 2024	Í lok hvernar vorannar er lögð fyrir starfsfólks- könnun. Eftirfylgd í formi samtals við leikskóla- stýru og þau okkar sem hafa meiri reynslu á kjarna.	Líðan starfs- fólks og starfsandi. Við styðjum við hvert annað, hjálpumst að.
Auka meðvitund starfsfólks um sína persónulega styrkleika	Rann- sóknir sýna að þau okkar sem fá tækifæri til að nýta styrkleika okkar í leik og starfi á hverjum degi tengjumst	Edda Björgvins kemur til okkar með fræðslu sem hún byggir á námskeiðinu sínu „Húmor og aðrir styrk-	Leikskóla - stýra, hóp- stýrur og hóp- stjórar skólans og Edda Björgvins -dóttir.	15.8. 2023	Júlí 2024	Í lok hvernar vorannar er lögð fyrir starfsfólks- könnun. Eftirfylgd á starfsfólks- fundi þar sem við skiptum okkur í litla hópa til að	Líðan og sjálfsvitund starfsfólks og starfsandi. Að innsýn starfsfólks á styrkleika sína hafi aukist, það er starfsfólk þekki og noti sína



	<p>tilfinningum okkar betur og erum almennt virkari og orkumeiri á allan hátt. Hamingja okkar eykst og árangur í vinnunni batnar. Við viljum leggja okkar af mörkum til að auka meðvitund starfsfólks um sína styrkleika og auka þar með lífsgæði starfsfólks.</p>	<p>leikar". Það námskeið er kennt í Endurmenntun HÍ. Við styðjum við hvert annað, hrósum okkar samstarfsfólki og notum styrkleikakortin sem Edda Björgvins útbjó og fylgja námskeiðinu. Styrkleikakortin munu styðja við okkur, þau eru alltaf á kaffistofunni. Við notum kortin til að tryggja að hvert og eitt okkar fái nokkur hrós frá sínu samstarfsfólki og þar með innsýn í hvernig samstarfsfólk þess skynjar þeirra styrkleika.</p>				<p> tryggja að hvert og eitt okkar muni fá hrós og kort frá sínu samstarfsfólki.</p>	<p>styrkleika til að öðlast betri sjálfsvitund. Að starfsfólk sé með meiri þekkingu á því hvað fyllir það eldmóði og orku og þar með eykst vellíðan og hamingja þeirra.</p>
--	--	--	--	--	--	--	---



Innra mat							
Gátlistar, hópablöð og valtalning	Við byggjum okkar innra mat á því hvað kemur út úr úrvinnslunni á gátlistunum, hópablöðunum og valtalningunni	Eiga eftir að koma fram, við sjáum hver niðurstaðan verður eftir úrvinnslu	Leikskólastýra og hver og ein hópstýra og hver og einn hópstjóri	15.8 '23	Júlí '24	Jafnóðum, jafnt og þétt yfir skólaárið	Að unnið sé uppbyggilega úr þeim gögnum sem okkur berast

3 Innra mat xxx deildar

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Allir fjórir kjarnarnir í skólanum hafa sömu markmið, það er að skerpa á hjallískum starfsháttum og þannig stilla saman strengi okkar inn á kjarna og milli kjarna þannig að við göngum öll í takt	Í deginum, alla daga, allt árið um kring bæði innan og utan dagskrár. Við spjöllum mikið saman, en einnig inn á workplace.	Fræðsla og samtalið, hvort sem það er á workplace, í kaffistofunni eða inn á kjarna. Það starfsfólk sem hefur mikla starfsreynslu styður við þau sem eru að tileinka sér stefnuna. Við styðjum við það að samstarfsfólk spjalli saman,	Leikskólastýra og hvert og eitt okkar, göngum í takt.	15.8. 2023	Júlí 2024	Við erum alltaf með puttann á púlsinum og við finnum þegar við erum farin að ganga í takt. Við tölum saman af heiðarleika og í jákvæðni. Við fylgjumst með hvernig hópastarfið gengur hjá hverju og einu okkar, hvernig samvinna er á milli kjarna.	Við erum í takt, það er traust, flæði og góð samvinna. Starfsfólkskönnun á vorönn gefur góða innsýn.



		spegli hvert annað, sé hverju öðru innblástur, stuðningur og hvatning.					
--	--	--	--	--	--	--	--

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Hvert og eitt barn tilheyrir hópi og hópstýru eða hópstjóra. Hópstýrurnar/hópstjórnarnir verða sérfræðingar í sínum börnum og styðja við þau á þann hátt sem þau þurfa. Barn sem þarf stuðning fær sinn stuðning og stuðningsaðila. Talmeinafræðingur og barnasálfræðingur eru starfandi á Laufásborg. Barnasálfræðingurinn sinnir m.a. frumgreiningu og talmeinafræðingurinn fær börn til sín í talþjálfun og gerir málproskamat á börnum sem þurfa á að halda.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>HLJÓM -2, EFI 2, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, MUB, MELB, WPPSI-R, CARS, ADHD rating scale, SRS, SDQ</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Leikum og lærum með hljóðin, málörvunarbækur frá talmeinafræðingi, ýmis spil og bækur sem þjálfar félagsfærni, talnaskilning o.þ.h., Behavioral Intervention for young children with autism.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



Auka þarf vægi sérkennslu, börnum að fjölga sem þurfa stuðning	Sérkennslu- stýra mun einvörðungu sinna sérkennslu- málum á næsta skólaári	Þau börn sem þurfa stuðning fá þann stuðning sem þau þarfnast	Leik- skóla- stýra og sérkennslu- stýra, hóp- stýrur, hóp- stjórar og stuðnings- aðilar	15.8. 2023	Júlí 2024	Framfarir barna, vellíðan og að einstaklings- námskrá sé gerð fyrir þau börn sem þess þurfa	Líðan og framfarir barna
--	--	---	---	------------	-----------	---	--------------------------

2. 5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Ráðinn var talmeinafræðingur til starfa á Laufásborg. Það fjármagn sem skólanum er úthlutað vegna fjöltyngdra barna nær varla upp í þann kostnað.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Mikil málörvun fer fram í hópatímum, fataklefa og samverunum sem eru þrisvar á dag. Öll tækifæri eru gripin til að baða börnin upp úr tungumálinu.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, ávallt, öll tækifæri nýtt. Sérstaklega mikil málörvun fer fram í hópatímum og í samverum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við erum með talmeinafræðing í húsi. Málþroskamat og framfarir metnar reglulega hjá börnum með frávík.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla íslensku þeirra barna sem eru með fleiri en eitt tungumál	Málörvun í hópatíma, samverum og á matartíma. Í skólanum er starfandi talmeinafræðingur og barnasálfræðingur	Að hvert og eitt barn fái þá örvun og þjálfun sem það þarfnast, öll tækifæri nýtt. Kortleggjum hvar skóinn kreppir og komum til móts við þarfir barnsins.	Leikskólastýra, sérkennslustýra, hópstýrur og hópstjórar	16.8. 2023	Júlí 2023	Talmeinafræðingur notar þar til gerð próf. Málvitund starfsfólks. Samstarf við talmeinafræðing og barnasálfræðing	Færni barnanna til að tjá sig á íslensku Orðaforði hafi aukist.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í gegnum árin hefur það þróast þannig að starfsþróunarsamtölin okkar eru orðin hluti af nálgun í starfi alla daga og allt árið um kring. Við höfum fundið okkar eigin takt og leiðir varðandi starfsþróun og fræðslu fyrir starfsfólk. Í starfsfólkshópnum er góður hópur fólks sem hefur verið hér til fjölda ára, spönnin er allt frá hálfu ári upp í rúm 17 ár og er meðalaldur starfsfólks átta ár. Það er því mikil þekking og reynsla í húsi og við gætum þess að hafa á hverjum kjarna okkar reynslubolta, það er fólk sem hefur starfað hér til fjölda ára og þekkir afar vel til hjallískra starfshátta. Við erum öll alltaf boðin og búin að aðstoða og leiðbeina, sérstaklega nýliðum. Eftir að handleiðslu nýliða lýkur eru það reynslumeira starfsfólkið okkar sem styðja við þau sem eru ný og enn að fóta sig í hjallísku starfsumhverfi.

Það sem stækkar starfsfólkshópinn okkar er annars vegar hvað menntun, þekking og reynsla hópstýra og hópstjóra er fjölbreytt og hins vegar hvað við öll sem eitt viljum láta gott af okkur leiða og vera ábyrgar og kærleiksríkar fyrirmyndir fyrir börn og fjölskyldur. Mannauðurinn á Laufásborg er okkar fjársjóður og skóli er fólkið sem er þar. Okkar símenntun er valin með það í



huga að styðja við okkur að vera upplýstar, hjartamenntandi og mannbætandi manneskjur (sjá fylgiskjal 10.6, „Símenntunaráætlun Laufásborgar 2022-2023“). Föst viðtöl eru því meira tekin eftir þörfum en fyrirfram ákveðinni áætlun. Við erum í stöðugu lærdómsferli saman og ef það er eitthvað sem okkur liggur á hjarta að þá tökum við samtalið strax.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Laufásborg er í góðu samstarfi við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Við förum reglulega í heimsókn á sex ára kjarna. Fimm ára börnin okkar fá að taka þátt í Barnaskólastarfinu, bæði í hópatímum í daglegri dagskrá og með því að fara í einfaldari útgáfu af þeim smiðjum sem Barnaskóli Hjallastefnunnar býður upp á. Okkar útskriftarárgangur er því vel undirbúinn fyrir Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Mikil aðsókn er á Laufásborg og börnin koma allsstaðar að og fara því í mismunandi hverfisskóla. Fjölskyldur útskriftarbarnanna okkar hafa séð um það sjálfar að heimsækja sína hverfisskóla með sínum börnum.

8 Foreldrasamvinna

Okkur þykir mikilvægt á þeim tímum sem við lifum núna að tala um og tala til fjölskyldna barna, ekki bara foreldra þeirra. Fjölskyldur hafa aldrei verið fjölbreyttari, börn eiga samsettar fjölskyldur og fjölskyldumynstrið er allskonar. Álag á barnafjölskyldur hefur líklega aldrei verið meira. Við höfum því samstarf við fjölskyldur barna á Laufásborg í öndvegi og leggjum mikla áherslu á að gera það sem við getum til að létta undir og koma til móts við fjölskyldur af sveigjanleika, alúð og auka aðstoð ef þörf er á. Okkar reynsla er að ef skólinn getur létt undir með fjölskyldum og liðkað til með þeim í lífinu þá er það stór gjöf til fjölskyldna. Við höfum tekið þann pól í hæðina að börn mæti alltaf á réttum tíma í skólann sama hvenær þau mæta því okkur er annt um að börnum og fjölskyldum líði vel hjá okkur. Eitt af því sem skiptir máli fyrir vellíðan barns er öryggi þannig að ef barn mætir inn í miðja dagskrá að þá er matur alltaf í boði þó barn mæti eftir að matartíma lýkur og barnið á alltaf sinn hóp og sína hópstýru eða sinn hópstjóra sem það fer beint til og ef það er val tími þá velur barnið sér svæði til að leika á. Þannig sköpum við sterkan ramma utan um hvert barn, utanumhald og röð, reglu og rútinu sem við öll finnum öryggi í. Við erum einnig alltaf boðin og búin að styðja við og bjóða foreldrum góð ráð ef þörf er á. Örnámskeiðin okkar sem við bjóðum upp á fyrir fjölskyldur barna á Laufásborg hafa verið vel sótt. Á þessum námskeiðum deilum við og fjölskyldur sinni reynslu af því sem þau eru að fást við í barnaupveldinu, hvernig leysa má mál á farsælan og jákvæðan hátt.

Góður skóli byggir á góðu samstarfi og góðum samskiptum við fjölskyldu barnsins. Fjölskyldum barna á Laufásborg er alltaf velkomið að koma í heimsókn í skólann, hvort sem það er til að fylgjast með starfinu eða að hitta hópstjóra eða hópstýru síns barns eða sinna barna. Það er alltaf í boði fyrir fjölskyldur að leita til okkar með allt það sem þeim liggur á hjarta, stórt sem smátt, og við erum afar þakklát fyrir traustið sem okkur er sýnt. Það er okkar reynsla að einmitt þessi samtöl skipta sköpum, gott samstarf er gulls ígildi. Við viljum ná því háleita markmiði að allar fjölskyldur Laufásborgar upplifi sig vel upplýstar.

Foreldraráð er lögbundið og það er til staðar og sinnir sínu hlutverki vel. Tvisvar á ári stendur Foreldrafélag skólans fyrir viðburðum fyrir börn og fjölskyldur skólans. Þetta eru Sumarhátíðin í byrjun sumars og Ljósahátíðin sem er haldin í janúar eða febrúar ár hvert. Foreldrafélagið stendur einnig fyrir fræðslukvöldum fyrir fjölskyldur og kennara á Laufásborg.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Inn á skóladagatalinu okkar eru allir frídagar, námskeið, örnámskeið, fræðslukvöld á vegum Foreldrafélagsins, leikrit á aðventunni fyrir börnin, Barnameningarhátíð og ýmislegt fleira. Skóladagatalið er aðgengilegt öllum foreldrum og kennurum á heimasíðu skólans (sjá fylgiskjal 10.7, Skóladagatal Laufásborgar 2023-2024). Við höldum áfram með örnámskeiðin okkar sem hafa verið vel sótt síðustu árin. Foreldrafélagið stendur fyrir fræðslukvöldum fyrir fjölskyldur og kennara á Laufásborg.

10 Fylgiskjöl

10.1 „Gleði er fagmennska“

10.2 Niðurstöður úr fjölskyldukönnun Laufásborgar vorönn 2023

10.3 Niðurstöður úr starfsfólkskönnun Laufásborgar vorönn 2023

10.4 Frétt á visi.is, „Börnin á Laufásborg geta það sem fæstir fullorðnir ráða við“

<https://www.visir.is/g/20232387007d/bornin-a-laufasborg-geta-thad-sem-faestir-fullordnir-hafa-tok-a>

10.5 Frétt á rúv.is, „Skemmtilegt að tapa – enn skemmtilegra að vinna“

<https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-04-skemmtilegt-ad-tapa-enn-skemmtilegra-ad-vinna>

10.6 Símenntunaráætlun Laufásborgar 2022 – 2023

10.7 Skóladagatal Laufásborgar 2023 - 2024

10.8 Umsögn foreldraráðs



F. h. leikskólans

Langfjallaberg

Jóna Árn

Leikskólastjóri

25.9 2023

Dagsetning

24

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



24

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST







Gleði er fagmennska

- ♥ „Gleði er fagmennska“ er hugtak sem við notum en hvað felst í því?
- ♥ Glöð manneskja mætir aðstæðum með jákvæðari og lausnamiðaðri hætti.
- ♥ Þegar við tökum ábyrgð á okkur sjálfum, eignarhald á eigin líðan og æfum okkur alla daga þá skapast alltaf meiri og meiri gleði sem er öryggi. Örugg manneskja er sterk manneskja.
- ♥ Gleði er stilling, þú æfir þig og verður þar af leiðandi flink/ur í að finna gleðina þína. Þá getur þú notað hana sem leið þegar á reynir.
- ♥ Það skapar öryggi sem er lykilatriði fyrir ung börn en það túlka þau sem ást.
öryggi = ást.
- ♥ Börn þurfa á okkur að halda, við erum að liðsinna þeim og að það hafa manneskju í sínu lífi sem er glöð þýðir að hún hefur sjálfstjórn og sjálfstraust og er því alltaf að fara að geta brugðist við af hjálpsemi og af ábyrgð við barninu.
- ♥ Það er styrkur sem verður til og ávinningur barnsins er að það er gripið, því er lyft og það lærir að vera glatt og líða vel.

Niðurstöður úr fjölskyldukönnun Laufásborgar, vorönn 2023

Svörun fjölskyldna var **88%**, vel marktæk.

Eftirfarandi atriði eru lykilatriði, kjarni málsins, og fengu topp einkunn;

Tekið á móti barninu með gleði og kærleika

Líðan barns í skólanum er góð

- Hvatning, athygli og góð umönnun dag hvern
- Starfsfólk áhugasamt og ástríðufullt um framgang barnsins
- Þörfum barnsins míns er mætt í ólíkum aðstæðum

Önnur atriði einnig með topp einkunn

Stjórnun og samskipti við starfsfólk til fyrirmyndar

- Skólanum vel stjórnað, fjölskyldur skynja að þær fái úrlausn sinna mála hjá stjórnendum, samskipti þeirra við starfsfólk eru góð

Efling í hjallískum gildum meðal barnanna, við kennum og æfum:

- Aga, sjálfstæði, samskiptum, jákvæðni, vináttu, áræðni og sköpunargáfu

Þekking fjölskyldna á hjallískum starfsháttum

Umhverfið er rósamt, án hávaða og sjávaða (sjónræns áreitis)

Foreldrar myndu mæla með skólanum

- Gæðaeinkunn 9,83

Getum bætt okkur í kynningu á nýju starfsfólki

- Tæplega helmingur þeirra sem svöruðu sögðu að kynning á nýju starfsfólki væri ekki góð/ hvorki góð né léleg

VIÐGJÖF FRÁ FJÖLSKYLDUM BARNA Á LAUFÁSBORG

Hrósin vógu mun þyngra en hitt (75%), það er það sem betur má fara (25%)

Skólinn er lofaður í hástert. Okkar verkefni er að sigla ótrauð áfram og halda áfram að vanda okkur við að taka vel á móti börnum og skapa góða daga alla daga með þeim í vellíðan og öryggi.

Ekkert í aðfinnsluhlutanum kom okkur á óvart, það er jákvætt og merkir að þær fjölskyldur sem standa að skólanum treysta okkur. Þær leita til okkar því þær vita að við bregðumst við og vinnum í lausnum. Margt er nú þegar komið í farveg, garðurinn er grænni, talmeinafræðingur kemur reglulega í skólann og stólar eru í boði í fataklefa á yngri kjörnunum.

Falleg orð frá fjölskyldum barna á Laufásborg

„Allt. Ómetanlegt starf sem fer fram á Laufásborg. Einstakt starfsfólk, hjartahlýtt og metnaðarfullt. Hef hvergi séð leikskólastarf sem er í líkingu við það sem fer fram á Laufásborg, metnaðurinn í einu og öllu og ég þakka fyrir á hverjum degi að börnin mín séu á þessum góða og fallega stað.“

„Alltaf tekið svo falleg á öllum málum sem koma upp. Faglegt starf og mjög augljóst að starfið er unnið af ástríðu og kærleik. Þakklát alla daga fyrir Laufásborg.“

„Andinn er sérstakur á Laufásborg. Við höfum reynslu af hefðbundnum hverfisleikskóla með eldri börnin okkar og Laufásborg er á öðru leveli. Hlján, gleðin, kærleikurinn, umburðarlyndið, brosið í augunum, væntumþykjan og góðu samskiptin er það sem einkennir þennan stað. Það er yndislegt að koma með barnið á morgnana og stundum þegar ég geng út finn ég til með öðrum foreldrum sem upplifa ekki það sama. Mig hefur frá fyrsta degi langað til að sækja um vinnu hjá ykkur! Ég er eilíflega þakklát fyrir að barnið okkar komst að á Laufásborg, sérstaklega því við höfum samanburðinn við annan leikskóla. Laufásborg er einstakur staður, svo einfalt er það.“

Úrbætur snúa allar að því að bæta upplýsingaflæði til fjölskyldna

Við höfum háleitt markmið fyrir næsta skólaár, við viljum ná því marki að foreldrar og fjölskyldur allra barna upplifi sig vel upplýsta

Okkar hlutverk er að ná persónulegum tengslum við foreldra

- Gæðin liggja í samtali og persónulegum tengslum
- Við þurfum að sýna frumkvæði, taka ábyrgð þar
- Fara í samvinnu við foreldra, vinnum saman að settu marki
- Minna foreldra reglulega á að það má alltaf hafa samband
- Minna á að það er alltaf í boði að biðja um viðtal

Upplýsingaflæði á yngri kjarna

- Útbúa bækling sem er afhentur við upphaf skólaárs
- Kynna okkar stefnu, til dæmis að „engar fréttir eru góðar fréttir“, þá hefur barnið borðað vel/eðlilega og sofið eins og það er vant, við látum vita af öllum frávikum

Myndir

- Leggja niður Karellen, halda Karellen?
- Við þurfum að ákveða lágmarksfjölda mynda af hóp yfir önn, fagmennskan liggur í að það sé jafnræði, samræmi milli hópstýru/stjóra

Alltaf að tala við foreldra varðandi allar fyrirhugaðar breytingar, ef barnið á að skipta um hóp eða fer upp á eldri kjarna eftir sumarlokun

ESK

- Leggja skýrar línur varðandi skraut, hárdót og fatnað
- Góð lína að stúlka kemur með sig sjálfa í skólann, það er nóg

Kynna skákina betur

- Það er okkar upplifun og reynsla að skákin lyftir öllum börnum
- Það hækkar rána að börn í skólanum séu að ná árangri í skák og tefla fyrir hönd Laufásborgar, skapar stolt og gleði hjá hópnum

Kynna betur uppbótarvinnu drengja og stúlkna

Kynna betur nýtt starfsfólk og breytingar í okkar hópi

Kynna störf talmeinafræðingsins, Tinnu Sigurðardóttur, sem kemur á Laufásborg einn dag í viku og hélt námskeið fyrir foreldra á vorönn

Kynna okkar stefnu varðandi pósta og tilkynningar áður en farið er í ferðir eða á viðburði

- Við tökum einn dag í einu, við erum í flæði
- Enginn dagur er eins í sjálfu sér
- Mæti barn í skólann milli 8.00 og 9.00 fær barnið allt það sem hver dagur felur í sér, hvort sem það er vettvangsferð, blöndun eða uppbótarvinna

Niðurstöður úr starfsfólkskönnun Laufásborgar, vorönn 2023

Könnunin mælir 21 almennan þátt og að auki 20 þætti sem starfsfólk sem starfar í leikskólum með börnum á kjarna svara sérstaklega. Könnunin hefur sannað gildi sitt sem hagnýtt **verkfæri til mælinga á mikilvægum sálfélagslegum þáttum á vinnustöðum**. Mælikön könnunarinnar voru staðfest með staðfestandi þáttagreiningu og í kjölfarið var framkvæmd formgerðargreining sem staðfesti réttmæti mælitækjanna. Þýðið er starfsfólk á öllum leikskólum landsins.

Metnir voru **sex þættir** í starfi í leikskóla, starfið sjálft, starfsfólk, vinnustaðurinn, stjórnun, uppeldi og menntun og símenntun og undirbúningstími. Hver þáttur hafði nokkra undirþætti, fjóra til níu, og alls voru 41 undirþáttur. Í lok könnunarinnar var starfsfólki gefið tækifæri til að tjá sig í svokölluðum opnum spurningum. **Svörun á Laufásborg var 80% og niðurstöður því marktækar.**

Starfsaldur á Laufásborg

Miðað við landið allt er heildarstarfsaldur starfsfólks á Laufásborg óvenju hár en hér hafa **80% okkar starfað í skólanum í fjögur ár eða lengur**. Við erum afar stolt af því að í skólanum stendur öflugur kjarni starfsfólks sem hefur starfað hér í tíu til 18 ár og starfsfólksvelta á Laufásborg er lág. Um 20% okkar hafa starfað hér í þrjú ár eða færri en svörin yfir landið allt sýndu að 40% þeirra sem starfa í leikskóla hafa verið í þrjú eða færri ár.

Niðurstaða könnunarinnar

Miðað við starfsfólk í öðrum leikskólum landsins kemur mat starfsfólks Laufásborgar **marktækt betur út í 75% tilfella og í 60% tilfella taldist munurinn vera mikill á þeim sex þáttum** sem voru til athugunar. Leiðréttta þurfti tvo þætti sem mældu undirbúningstíma, en allt starfsfólk Laufásborgar fær fullan undirbúning. Í samanburði við landið allt mældist Laufásborg aldrei lakar á neinum af þeim þáttum eða undirþáttum sem voru til athugunar.

Sex þættir

1. Starfið - kröfur í starfi, álag, kunnátta og mikilvægi starfs

Hér var verið að athuga hvernig við mætum kröfur í starfi, það er vinnuálag og kunnáttu okkar, og hvort okkur þætti starfið mikilvægt. Mat starfsfólks Laufásborgar var ekki bara marktækt hærra betra en landið allt á öllum þeim undirþáttum sem athugaðir voru heldur var **munurinn mikill**. Á Laufásborg fær allt nýtt starfsfólk handleiðslu, kröfur eru skýrar og vinnuálag er hæfilegt. Það hjálpar einnig mikið til hvað það er mikil samvinna milli starfsfólks, bæði innan og á milli kjarna.

2. Starfsfólk - gæði okkar starfa og framkoma við starfsfólk

Hér var verið að athuga hvernig við sjálf mætum gæði okkar starfa, það er afköst og færni til að leysa vandamál, og einnig hvort okkur þætti vel hugsað um starfsfólkið á okkar vinnustað. Á öllum þeim þáttum sem áttu við um okkar vinnustað og starfsaðferðir kom Laufásborg marktækt betur út en landið allt og var **munurinn mikill**.

3. Vinnustaðurinn – starfsandi og stuðningur samstarfsfólks vs. einelti/áreitni

Hér var verið að skoða tvo þætti. Fyrri þátturinn mældi starfsandann, ánægju með vinnuaðstöðu, stuðning frá samstarfsfólki og stuðning við nýsköpun. Á öllum þeim þáttum sem voru athugaðir kom **Laufásborg marktækt betur út en landið allt og munurinn var mikill í 75% tilfella**. Varðandi seinni þáttinn var blessunarlega enginn marktækurmunur á Laufásborg og landinu öllu en verið var að skoða einelti og kynferðislega áreitni. Á Laufásborg mældist hvorki einelti né kynferðisleg áreitni.

4. Stjórnun – stuðningur og forysta

Hér var verið að skoða stuðning yfirmanns og forystu yfirmanns, hvort hún sé sanngjörn og valdeflandi. Á Laufásborg eru tveir stjórnendur en um þessar mundir er annar stjórnandinn í veikindaleyfi og því einn stjórnandi starfandi eins og er. Mat starfsfólks Laufásborgar var **marktækt betra en á landinu öllu í tveimur af þremur þáttum** og var munurinn töluverður, þeir þættir voru stuðningur yfirmanns og valdeflandi forysta yfirmanns.

5. Uppeldi og menntun – trú okkar á eigin getu, samvinna, virkni foreldra, ráðgjöf og stuðningur við börn með sérþarfir

Hér var verið að mæla trú okkar á eigin getu til að leysa málin, samstarf í leikskólanum, virkni foreldra, aðgengi að ráðgjöf og stuðningur við börn með sérþarfir. Á þeim átta þáttum sem voru til athugunar kom Laufásborg **marktækt betur út en landið allt og munurinn var mikill**. Það er mikil ánægja með stuðningurinn í leikskólanum við börn með sérþarfir og þá ráðgjöf sem við fáum utan leikskólans en samkvæmt könnuninni getum við þó bætt okkur varðandi úrræði og upplýsingar vegna barna með sérþarfir.

6. Símenntun og undirbúningstími

Hér þurfti aðeins að leiðrétta svör starfsfólks þar sem spurningar kannanarinnar endurspegluðu ekki okkar starfsumhverfi, en könnunin tók mið af hefðbundnu leikskólastarfi en ekki hjallísku leikskólaumhverfi. **Allt starfsfólk Laufásborgar fær fullan undirbúning** og því eru niðurstöðurnar hvorki réttmætar né túlkanager. Varðandi símenntun hópsins að þá var tekin sú stefna síðastliðið haust á fyrsta námskeiðsdegi skólaársins þar sem við vorum öll samankomin að hafa **orku- og hópefliskvöld í bland við fræðslu** til að efla okkur andlega og líkamlega og stilla saman strengi okkar eftir á þriðja ár í COVID með öllum þeim takmörkunum sem því fylgdi (sjá fylgiskjál, Símenntunaráætlun Laufásborgar 2022-2023). Enn og aftur rákum við okkur á það að nálgun kannanarinnar endurspegluði ekki okkar áherslur og eðlilega ruglaði það starfsfólk í rýminu, orðanotkun og áherslur okkur framandi. Enn og aftur er ekki hægt að túlka niðurstöður þar sem nálgunin endurspeglar ekki okkar starfsumhverfi.

Opnar spurningar

Í lok könnunarinnar voru lagðar fyrir fimm spurningar þar sem starfsfólk gat tjáð sig varðandi líðan sína, starfsandann, samskipti við börn, foreldra og annað starfsfólk, starfsþróun, símenntun, kosti vinnustaðarins og hvað betur mætti fara.

Viðgjöf starfsfólk í garð skólans var alltaf jákvæð. Helst voru gerðar athugasemdir við forritið Karellen, fjárskort til að koma enn betur til móts við börn, tröppur í garðinum (á að fjarlægja) og nokkur okkar nefndu að þau vildu meiri sérhæfða símenntun.

1. Líðan, starfsandi, daglegt starf, samskipti við barnahópin og starfshættir í leikskólanum (sex svör):

Starfsfólk lýsti ánægju sinni með skólann. Hér koma nokkur dæmi:

„...kannski hef ég bara setið kyrr á toppnum á ánægjuskalanum frá því ég hóf störf á Laufásborg en upplifunin er hins vegar stöðug hreyfing og alltaf upp á við.“

„...starfsandinn er framúrskarandi góður, ég er rosa glaður með minn stjórnanda og mitt samstarfsfólk...“

„Mér líður vel í vinnunni og hlakka alltaf til að mæta í vinnuna...“

Starfsfólk gerði athugasemdir við hversu fjársvelt leikskólakerfið okkar er. Kerfið er í raun ekki á forsendum barnanna þar sem við fáum takmarkað fjármagn til að koma til móts við þarfir þeirra. Einnig var gerð athugasemd varðandi hversu lakt forrit Karellen er.

2. Samskipti innan leikskólans og við foreldra (sex svör):

Við hvetjum alltaf foreldra til að leita beint til okkar með allt það sem þeim liggur á hjarta. Allt starfsfólk Laufásborgar er með fullan undirbúning og sinnir meðal annars samskiptum við foreldra í sínum undirbúningstíma.

„Við erum blessunarlega á góðum stað með hvort tveggja.“

„Við viljum vera í góðum samskiptum við foreldra og ég tel okkur vera í góðum samskiptum.“

„... en einnig hvetjum við þau (foreldra) til að taka þátt í starfinu og bjóða framlag. Foreldrar hafa sýnt þessu áhuga og boðið okkur í textíl, jóga, sögustundir og á listasýningar.“

3. Starfsþróun og símenntun (fjögur svör):

Hér kom fram að sum okkar eru til í meiri sérhæfða símenntun.

4. Kostir Laufásborgar (14 svör):

Hér var langbesta svörunin, en 14 gáfu sér tíma til að deila gleði sinni með skólann sinn.

„Skólastýrnar hafa alla tíð gengið á undan með góðu fordæmi og sýnt í verki hvernig góður skóli er reistur á hverjum degi. Það er vægast sagt ánægjulegt að fylgja slíkum leiðtogum og andrúmsloftið á vinnustaðnum einkennist af trausti, virðingu, gleði, auðmýkt og stolti eftir því. Ár eftir ár heldur skólinn áfram að fara inn á ótroðnar slóðir, lengra og hærra, en heldur umfram allt tryggð við hinn einstaklega fallega kjarna barnastarfsins sem gerir skrautfjaðrirnar mögulegar....“

„Gott andrúmsloft, góð samskipti.“

„Samstarf kennara og andinn í skólanum.“

„Mér finnst eiginlega bara allt frábært við vinnuna mína. Starfið sjálft, samstarfsfólkið og gleðin alla dag. Ég elska líka við stefnuna og skólann að við erum alltaf tilbúin að fá betri hugmyndir og breyta til ef við sjáum möguleika á að gera betur. Byggjum góðan skóla alla daga.“

5. Hvað betur mætti fara á Laufásborg (sex svör):

Af þeim sex svörum voru fjögur jákvæð í garð skólans. Gerðar voru athugasemdir við Karellen og að það vantaði meira fjármagn.

„Það er ekkert sem mér dettur í hug að svo stöddu að mætti betur fara. Þegar ég hugsa um Laufásborg sem vinnustað fyllist ég stolti, gleði og þakklæti.“

Gott að rýna til gagns, símenntun og undirbúningur

Það sem okkur þótti afar áhugavert og voru mjög gagnlegar upplýsingar fyrir okkur var að upplýsa þarf betur starfsfólk skólans varðandi hver símenntun okkar er yfir skólaárið og hverjir undirbúningstímarnir okkar eru og í hvað þeir fara. Öflug símenntun er á Laufásborg (sjá fylgiskjal, Símenntunaráætlun Laufásborgar 2022-2023), það er bæði símenntun sem hvert og eitt okkar sinnir einstaklingslega og nýtist öllum hópnum og lyftir barnastarfinu en einnig símenntun sem við sem hópur förum í saman, bæði í formi fræðslu sem og til upplyftingar og heilsuræktar. Allt starfsfólk Laufásborgar fær fullan undirbúningstíma og þar með fulla ábyrgð og frjálsar hendur varðandi að byggja upp góð samskipti við foreldra innan og utan dagskrár skólans.

Börnin á Laufásborg geta það sem fæstir fullorðnir hafa tök á

[Snorri Másson](#) skrifar 9. mars 2023 08:00

Fréttastofa leit við í Iðnó þar sem verið var að setja á stofn með formlegum hætti Kvæðabarnafjelag Laufásborgar. Athöfnin fólst í sannfærandi flutningi leikskólabarna á sígildum íslenskum rímnakveðskap, en sú mæta listgrein hefur eins og þekkt er áratugum saman legið nokkuð óbætt hjá garði. Hér gengur hún í löngu tímabæra endurnýjun lífdaga.

Á þorranum og góunni er hefð fyrir rímnakveðskap á Laufásborg. Nú er tilefnið sérstakt, í þokkabót er verið að fagna 70 ára afmæli hins rötgróna leikskóla við Laufásveg.



Á meðan rímnakveðskapur hefur að meira eða minna leyti lagst af í landinu lifa glæðurnar í börnunum á Laufásborg, sem hafa stofnað Kvæðabarnafjlagið.VÍSIR

Ari Hálfán Aðalgeirsson, hópstjóri á Laufásborg og tónsmiður, hefur leiðbeint börnunum í þessu efni og stýrði söngnum á stofnun Kvæðabarnafjelagsins.

Ari segir í samtali við fréttastofu að leikskólinn hafi löngum gert rímnakveðskap hátt undir höfði og í því hafi hann notið traustrar leiðsagnar Steindórs Andersen um langt skeið, sem „kennir þeim að kenna börnunum“ að flytja gömlu kvæðin eftir fornum hljómunum.



Ari Hálfván Aðalgeirsson, hópstjóri á Laufásborg og tónsmiður, segir mikla málrækt felast í ástundun rímnakveðskaps hjá börnum. VÍSIR

„Við erum að tengja við menningararfinn og rækta í þeim ákveðna tengingu við söguna, hvaðan þau eru að koma,“ segir Ari og lýsir því hve ákaflega móttækileg börnin eru fyrir þessari klassísku hefð.

„Það er náttúrulega hrikalega mikil málörvun í þessu. Þau eiga jafnaðvelt með að læra kenningar eins og bara slangur. Þau koma síðan heim rígmontin og eru búin að læra hvað 'öldugandur' þýðir og 'árahind' og af hverju það þýðir skip. Svo eru þau að kenna foreldrum og ömmum og öfum þetta og þetta vekur alltaf mikla lukku,“ segir Ari.

Á meðal þess sem hér má sjá flutt er Ekillinn eftir Davíð Stefánsson. Þar er sjón sögu ríkari og vísast til innslagsins hér að ofan.



Jóhanna Vigdís, fimm ára, og Nína, sex ára, segja að erfitt geti reynst að muna textann, en að áreiðanlegasta aðferðin ef illa fer sé að horfa á varirnar hjá vinkonum og vinum og kennurinum.



Skemmtilegt að tapa – enn skemmtilegra að vinna

[Alexander Kristjánsson](#)

4. mars 2023 kl. 19:04



Einhverjir yngstu skákmenn landsins stóðu fyrir taflmóti á Eiðistorgi í dag. Krakkarnir í leikskólanum Laufásborg hafa stundað skák af kappi síðustu ár og setja stefnuna á Heimsmeistaramótið á grísku eyjunni Ródos í sumar.

Aría Björk Daníelsdóttir er að verða 7 ára. Hún hefur teft í þrjú ár. Og segir það ekkert erfitt. Aðspurð þvertækur hún fyrir að það sé leiðinlegt að tapa. „Mér finnst bara smá skemmtilegt að tapa. En samt aðeins skemmtilegra að vinna.“

Omar Salama hefur haft veg og vanda að skákkennslunni í skólanum síðustu 15 árin. Hann segir leikgleðina skipta mestu.

„Fyrst og fremst verður að vera gaman. Þetta eru fimm ára börn og þetta er ekki einfalt að kenna þeim, en þetta er gaman og skemmtilegt. Þegar þau eru búin að læra mannganginn og byrjuð að tefla þá vilja þau ekki hætta.“

Símenntunaráætlun Laufásborgar 2022-2023

Starfshópur	Markmið	Tímabil	Tíma- fjöldi	Umsjón
Hópurinn	Sterk inn í skólaárið	16. ágúst	7 klst	Laufásborg
Jensa	UTÍS 2022	23.-24. sept	2 dagar	UTÍS
Ari	Tónlist fyrir alla.is/styrkja tónlistarkennslu	8-9. sept	2 dagar	FÍ,STS, FÍH, LHÍ
Rafrænt	Tengsl eru börnum það sem vatn er fiskum	29. sept	2 klst	Fí hvað er börnum fyrir bestu. Sæunn Kjartansd
Rafrænt	Mikilvægi fyrstu árána fyrir geðheilsu og farsæld	29. sept	2 klst	Fí hvað er börnum fyrir bestu. Sigrún Daníelsd.
Alex	Íslenskuþorp HÍ	8 skipti	Okt. - maí '23	
Hópurinn	Haustráðstefna Hjallastefnunnar	17. okt	1 dagur	Ýmsir fyrirlesarar. Hjallastefnan heldur ráðstefnuna.
Kolbrún Hulda	Diplómanám í farsældarlögum	Haustönn	Haustönn	HÍ
Jensa og Arna rafrænt	Mikilvægar áherslur á aldrinum 0-6 ára. Málþroski, félagsfærni og hreyfing.	2. nóvember	2 klst.	Hermundur Sigmundss / Þorpið tengslasetur
Ari og Tinna	Tónlistarskólaheimsókn í Baskaland	6-11. okt	Vika	Ferð með Söngskólanum í Reykjavík
Aldís	Ukulele	15. nóv-6.des.	8 klst	Svavar Knútur á vegum Sameyki
Hópurinn	Litróf lífsins	10. janúar	3 klst	Kristín Sigurðardóttir
Þrír kennarar	Kvíði barna	Febrúar	2 klst	Baldvin Logi Einarsson. Litla kvíðameðferðarstöðin m. Fyrirlestur
Þrír kennarar	Málþroski barna	Febrúar	3 klst.	Tinna Sigurðardóttir talmeinafræðingur m. Fyrirlestur
Arna	Stúlkur og einhverfa	6. mars	2 klst.	Laufey Gunnarsdóttir fyrir þjónustumiðstöð

Símenntunaráætlun Laufásborgar 2022-2023

Ari	Kynseginleiki og kynhlutlaust tungumál	10. mars	2 kl.st	Laufey Ósk, Söngskólinn
Kolbrún Björk	Sálfræðiþing sálfræðifélagsins	16. mars	1 dagur	Sálfræðifélagið
Hópurinn	Jóga dans og slökun	Apríl	3 klst.	Kristín Bergsdóttir jógakennari.
Hópurinn	Spilavinir hópefli	Nóvember	kvöldstund	Spilavinir
Hópurinn	Kvöldfundur, unnið úr könnunum. Úrbótaáætlun unnin. Umbætur og hvatning	23. maí	3 klst.	Laufásborg
Tíu kennarar	Núvitund	8 vikur og laugardagur	70 stundir	Jón Þór Ólafsson með 70 stunda Núvitundarnámskeið.
Hópurinn	Vordagur	Laugardagur 10.6.'23		Heill dagur þar sem við gerum eitthvað uppbyggilegt og skemmtilegt saman sem hópur. Hópeflisdagur
Hópurinn	Helgarferð	30.6-2.7.'23		Ferð upp í Drangey í Skagafirði. Hópeflishelgi
Fjölskylduferð	10 dagar	1.-11. Apríl '23		FERÐ TIL JÓRDANÍU.

ORKU og HÓPEFLISKVÖLD á þessu skólaári sem gefa okkur kraft til að halda áfram að vinna við það sem við brennum fyrir: Að gera góðan skóla fyrir börn hvern einasta dag.

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Laufásborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ						
1 Þ	1 F	1 S	1 M	Örnámskeið	1 F	Að velja einfaldleikann	1 M	Nýársdagur	1 F	1 F	1 M	Annar í Páskum	1 M	1 L	1 M		
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 Þ	HM / EM í skólasák (dagset)	2 F	Vorverkadagur í garðinum	2 S	2 Þ	
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 S	3 M	3 M	3 M	3 F	3 M	3 M	3 M	
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 F	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 F	
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 S	5 Þ	5 F	5 F	Ljósahátíð	5 M	5 Þ	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 F	
6 S	6 M	Kynningarfundur f. alla foreld	6 F	6 M	6 M	6 L	6 L	Þrettándinn	6 Þ	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 L	
7 M	Fridagur verzlunamanna	7 F	Kynning á 5 ára náminu.	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 S	
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 F	8 M	8 M	8 F	8 F	8 F	8 M	8 M	8 M	8 L	8 M	8 M	
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 L	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	Uppsýningardagur	9 S	9 Þ	
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 S	10 M	10 M	10 F	10 F	10 M	10 M	10 M	10 M	
11 F	11 M	11 M	11 L	Foreldravítalsdagur	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 F	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 F	
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 S	12 Þ	12 F	12 M	Bolludagur	12 Þ	12 Þ	12 F	12 F	12 S	12 M	Sumarhátíð og útskriftarhátíð	12 F	
13 S	13 M	13 F	Lokaó- Hauststefna Hjat.	13 M	13 M	13 L	13 L	Sprengidagur	13 M	13 M	13 L	13 M	13 M	13 F	13 F	13 L	
14 M	14 F	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 S	Óskudagsgleði	14 F	14 M	14 S	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 S	
15 Þ	Námskeiðsdagur	15 F	Dagur rímalagsins	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 F	15 M	15 M	15 M	15 L	15 M	15 M	
16 M	Skólaupphaf	16 L	16 M	16 F	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 M	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ	16 Þ	
17 F	Lotur Hjallastefnunnar	17 S	17 Þ	17 F	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 L	17 M	17 F	17 M	Lyðveldisdagurinn	17 M	Skólalok
18 F	18 M	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 F	18 S	upphaf Góu	18 M	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	Nytt skólaár 16.ágúst 2024
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 S	19 Þ	19 F	19 F	upphaf Þorra	19 M	vetrarleyfi, námskeiðsdagu	19 Þ	19 F	19 S	Hvítasunnudagur	19 M	19 F	
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 L	20 Þ	vetrarleyfi, námskeiðsdagu	20 M	20 M	20 L	20 M	Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L	
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 S	21 M	21 F	21 Þ	21 F	21 S	21 S	
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 F	22 F	22 F	22 M	22 M	22 M	22 M	22 L	22 M	22 M	
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 M	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	Barnameningarhátíð	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 F	24 S	Aftangadagur jóla	24 M	24 L	24 L	24 M	24 S	24 M	24 F	24 F	24 M	24 M	
25 F	25 M	25 M	25 L	25 L	25 M	Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 S	25 M	25 F	25 L	Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 F	Vetrarleyfi, námskeiðsdagu	26 S	26 Þ	26 Þ	Annar í jökum	26 F	26 M	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	
27 S	27 M	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 M	27 M	27 L	27 M	27 M	27 F	27 L	
28 M	28 F	28 L	Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 F	28 S	28 M	28 M	28 F	28 S	28 S	28 Þ	Vorferð að Sólrheimum	28 F	28 S	
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 F	29 F	29 M	29 F	29 F	Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 M	29 L	29 M	29 M	
30 M	30 L	30 M	30 F	30 F	30 F	30 L	30 Þ	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 S	30 Þ	
31 F	31 Þ	31 Þ	31 Þ	31 Þ	31 S	Gamlársdagur	31 M	31 M	31 S	31 S	31 S	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M	

Umsögn foreldraráðs Laufásborgar 2023

Í foreldraráði eru:

Kolbrún Björk Jensínudóttir, 140490-2969

Ásta Einarsdóttir, 240291-2589

Agnes Jóhannsdóttir, 050290-2209

Foreldraráð samþykkir starfsáætlun Laufásborgar.